



Reykjavíkurborg

Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 10. nóvember 2020

R20100203

100

Borgarráð

### *Tilnefning fulltrúa í starfshóp um höfuðborgarstefnu*

Hjálagt erindi samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytisins, dags. 26. október 2020, þar sem óskað er eftir tilnefningu tveggja fulltrúa frá Reykjavíkurborg í starfshóp um höfuðborgarstefnu, er lagt fram til kynningar. Lagt er til að borgarráð samþykki að tilnefna Dag B. Eggertsson, borgarstjóra, í starfshópinn fyrir hönd meirihluta og tilnefni jafnframt einn fulltrúa úr minnihluta í starfshópinn.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Erindi samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytisins - Ósk um tilnefningu í starfshóp um Höfuðborgarstefnu, dags. 26.10.2020



Reykjavíkurborg  
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
101 REYKJAVÍK

SAMGÖNGU- OG  
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 7 101 Reykjavík  
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 26. október 2020  
Tilv.: SRN20100059/5.3

Efni: Ósk um tilnefningu fulltrúa í starfshóp um Höfuðborgarstefnu

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra hefur ákveðið að setja á fót starfshóp á grundvelli aðgerðar C.4 í Byggðaaáætlun um að mótuð verði höfuðborgarstefna sem skilgreini hlutverk Reykjavíkurborgar sem höfuðborgar allra landsmanna, réttindi og skyldur borgarinnar sem höfuðborgar Íslands og stuðli að aukinni samkeppnishæfni höfuðborgarsvæðisins og landsins alls. Þá er það einnig markmið verkefnisins að styðja við samstarf sveitarfélaga á svæðinu, sem og samstarf ríkis og sveitarfélaga.

Reykjavík þjónar sem höfuðborg landsins alls og skilgreina þarf hlutverk Reykjavíkurborgar gagnvart byggðaðróun í landinu, mörg mikilvæg viðfangsefni og áskoranir fara yfir sveitarstjórnarmörk og margir sem eiga aðsetur utan Reykjavíkur eru hluti af lífi og starfsemi borgarinnar mikilvægt er að styrkja slíkar teningar og byggja upp frekara samstarf við landið allt. Áhersla er á að höfuðborgarsvæðið sé miðstöð opinberrar stjórnsýslu og miðlægrar þjónustu sem allir landsmenn hafi gott aðgengi að.

Í hópnum munu eiga sæti fulltrúar frá eftirtöldum aðilum: einn frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, tveir frá Reykjavíkurborg, einn frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og einn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Með hópnum starfi einnig sérfræðingar frá Byggðastofnun og öðrum stofnunum og háskólasamfélaginu eftir atvikum.


Óskað er eftir að hópurinn ljúki störfum eigi síðar en 1. september 2021.

Hér með er óskað eftir því að Reykjavíkurborg tilnefni tvo fulltrúa í starfshópinn eigi síðar en 23. október 2020. Með tilnefningunni skal koma fram nafn, kennitala og heimilisfang og netfang þess sem tilnefndur er.

Ráðuneytið greiðir ekki sérstaklega fyrir störf í starfshópnum.

Ráðuneytið vekur athygli yðar á 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, en þar er meðal annars kveðið á um að þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli tilnefna bæði karl og konu. Þá kemur fram að tilnefningaraðila sé heimilt að víkja frá þeirri skyldu þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess. Ráðherra skipar í nefndina og velur úr tilnefningum svo kynjaskipting sé sem jöfnust.

Fyrir hönd ráðherra

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Hermann Sæmundsson', written in a cursive style.

Hermann Sæmundsson